



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. mars 2021.

efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði), 536. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008. Lagt er til að breyta aðgangsskilyrðum að háskóla fyrir nemendur sem vilja hefja nám í háskóla með þeim hætti að staða nemenda sem lokið hafa list-, tækni- og starfsnámi sé metin til jafns við þá sem lokið hafa stúdentsprófi. Einnig er stefnt að því með frumvarpinu að hvetja háskóla til að móta skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum.

SI fagna mjög framkomnu frumvarpi enda er það í samræmi við menntastefnu SI þar sem áhersla er lögð á að vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu. SI vísa í meðfylgjandi umsögn sína um frumvarpið sem lögð var fram 27. nóvember 2020, þar sem fram koma nokkur atriði sem vert er að taka fram.

Samtökin ítreka ánægju sína með umrætt frumvarp sem er mikilvægt framfararskref í íslensku menntakerfi og tryggir enn fremur stoðir iðnnáms á Íslandi.

Virðingarfyllst,


Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
verkefnastjóri á menntasviði SI.